

## 8. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með oflukyndingu.

## 9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 1000.00 hverju sinni.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## IV. KAFLI

## 13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um Hitaveitu Suðurnesja nr. 100/1974 til að gilda frá og með 1. nóvember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1976.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Árni Þ. Arnason.*

## AUGLÝSING

## um umferð í Garðakaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. og 66. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið að taka í notkun umferðarljós á Hafnarfjarðarvegi við gatnamót Lyngáss og Lækjarfitjar.

*Lögreglustjórinn í Garðakaupstað, 3. nóvember 1976.*

**Elías I. Elíasson,**  
settur.